

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Gunnarsgerði, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 30. ágúst 2018 tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir Gunnarsgerði á Hvolsvelli. Breytingin tekur til lóðar nr. 1 við Gunnarsgerði. Íbúðum í raðhúsi er fjölgað úr fjórum í sex. Hæð mænis breytist úr 5,3 m í 4,5 m. Ekki er gert ráð fyrir bílgeymslum á lóðinni. Hámarksnýtingarhlutfall lóðar breytist úr 0,45 í 0,32. Bílastæðum fækkar úr tveimur í eitt fyrir hverja íbúð. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 5. desember 2018.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Guðmundur Úlfar Gíslason, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2018